



Borgarráð

Suður-Mjódd - Lóðarvilyrði til Garðheima Gróðurvörur ehf.

Óskað er eftir að borgarráð veiti Garðheimum Gróðurvörum ehf., kt. 411091-1209, Stekkjarbakka 6, 109 Reykjavík, vilyrði fyrir um 20.000 m² lóð ásamt allt að 7.000 m² byggingarrétti í Suður-Mjódd, með fyrirvara um samþykki og staðfestingu á breyttu deiliskipulag.

Greinargerð:

Garðheimar hafa frá árinu 1999 verið með starfsemi sína á lóðinni Stekkjabakki 4-6 í fasteignum sem félagið byggði fyrir starfsemi sína. Á undanförunum árum hefur félagið leigt húsnæðið og rennur leigusamningur út í maí á næsta ári. Viðræður við leigusala um áframhaldandi starfsemi á lóðinni hafa ekki gengið eftir og því ljóst að finna þarf henni nýjan stað. Garðheimar hafa átt í samtali við Reykjavíkurborg um lóð undanfarin ár án þess að ný staðsetning hafi fundist. Í því samhengi hafa nokkrir kostir verið skoðaðir, t.a.m. á svæði Þ73 við Stekkjarbakka, við gömlu kartöflugeymslur við Ártúnsbrekku og á svæði Þ35 í Laugardal.

Garðheimar hafa óskað eftir að fá hluta lóðarinnar Álfabakki 4, sem staðsett er í Suður-Mjódd, úthlutaðri fyrir starfsemi sína. Lóðin eins og hún er skilgreind í núgildandi skipulagi hentar hins vegar ekki starfsemi félagsins og því þarf að breyta deiliskipulagi hennar.

Fyrir byggingarrétt greiðir félagið samkvæmt mati tveggja fasteignasala. Gatnagerðargjöld greiðast samkvæmt gjaldskrá Reykjavíkurborgar. Greiðsla fyrir byggingarrétt og gatnagerðargjöld skal innt af hendi innan 45 daga frá samþykkt borgarráðs um úthlutun lóðarinnar.

Nánari lóðaskilmálar verða settir í úthlutunarbréf og lóðarleigusamning.

Komi til þess að deiliskipulag taki ekki gildi fyrir umrædda lóð innan tveggja ára frá samþykki borgarráðs fyrir lóðarvilyrði þessu, fellur það niður. Sama gildir ef ekki er óskað eftir úthlutun lóðarinnar innan árs frá gildistöku deiliskipulags fyrir lóðina.

Helga Björg Ragnarsdóttir

